

Mannréttindaráð

Ár 2026, þriðjudaginn 31. mars var haldinn 31. fundur mannréttindaráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi, Borgarráði og hófst kl. 13.04. Fundinn sátu eftirfarandi fulltrúar: Sabine Leskopf, Oktavía Hrund Guðrúnar Jóns og Þorkell Sigurlaugsson. Einnig sátu fundinn eftirtaldir fulltrúar samráðshóps í málefnum fatlaðs fólks: Hallgrímur Eymundsson og Áslaug Inga Kristinsdóttir. Ingólfur Már Magnússon sat fundinn með rafrænum hætti. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 2. málsl. 4. mgr. 44. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Stefán Pálsson, Magnea Gná Jóhannsdóttir og Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir. Einnig sat fundinn eftirfarandi starfsfólk: Valgerður Jónsdóttir og Anna Kristinsdóttir sat fundinn með rafrænum hætti. Elísabet Pétursdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 19. mars 2026, um kosningu sjö fulltrúa og sjö til vara í mannréttindaráð, á fundi borgarstjórnar þann 17. mars sl. Sabine Leskopf var kjörin formaður mannréttindaráðs. MSS25020083
 - Kl. 13.07 tekur Hlynur Þór Agnarsson sæti á fundinum.
 - Kl. 13.10 tekur Inga Guðrún Kristjánsdóttir sæti á fundinum með rafrænum hætti.
 - Kl. 13.11 tekur Ellen J. Calmon sæti á fundinum.
2. Lagt fram bréf mannréttindaskrifstofu dags. 19. mars 2026, um aðgerðaáætlun aðgengisstefnu Reykjavíkurborgar 2026-2030. MSS22010199 Samþykkt og vísað til borgarráðs til staðfestingar.

Mannréttindaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er fagnaðarefni að geta í dag samþykkt aðgerðaáætlun aðgengisstefnu Reykjavíkurborgar 2026-2030. Áætlunin leggur grunninn að gífurlega metnaðarfullri vinnu sem felst í því að gera Reykjavíkurborg aðgengilega fyrir öll. Aðgerðirnar eru 45 talsins og ná þvert yfir svið borgarinnar þar sem aðgengi er skilgreint í viðu samhengi. Slík nálgun mun tryggja aukna þekkingu og færni í aðgengismálum þvert á svið. Mikilvægt er að tryggja fjármögnun verkefna, gagnsæi og eftirlit af hálfu samráðshóps í málefnum fatlaðs fólks.

3. Lögð fram umsögn mannréttindaráðs um stefnu í málaflokki fatlaðs fólks í samráðsferli, sbr. 3. lið fundargerðar um samþykkt mannréttindaráðs frá 12. mars 2026. VEL25090041
 - Kl. 13.33 víkja af fundinum eftirtaldir fulltrúar samráðshóps í málefnum fatlaðs fólks: Hallgrímur Eymundsson, Áslaug Inga Kristinsdóttir og Hlynur Þór Agnarsson. Ingólfur Már Magnússon og Inga Guðrún Kristjánsdóttir aftengjast fjarfundarbúnaði. Eftirfarandi starfsmaður víkur af fundinum: Valgerður Jónsdóttir.
 - Kl. 13.34 víkur Stefán Pálsson af fundinum og aftengist fjarfundarbúnaði og Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir tekur sæti.
 - Kl. 13.35 aftengist Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir fjarfundarbúnaði og tekur sæti á fundinum.
 - Kl. 13.36 víkur Magnea Gná Jóhannsdóttir af fundinum og aftengist fjarfundarbúnaði.
 - Kl. 14.25 taka sæti á fundinum eftirfarandi áheyrnarfulltrúar í málefnum innflytjenda með rafrænum hætti: Milan Chang Gudjonsson og Susanne M. Arthur. Jafnframt tekur sæti eftirfarandi starfsmaður: Íris Björk Kristjánsdóttir.
 - Kl. 14.30 tekur Þorvaldur Daníelsson sæti á fundinum með rafrænum hætti.
4. Fram fer kynning á starfsemi Kvennaráðgjafarinnar. MSS26030089

Margrét Steinarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalístaflokks Íslands, Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalístaflokks Íslands, Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins þakka fyrir greinargóða kynningu á Kvennaráðgjöfinni.

Eftir að Mannréttindaskrifstofa Íslands var lögð niður þar sem gjaldfrjáls lögfræðiráðgjöf stóð til boða hefur orðið fjölgun á konum af erlendum uppruna sem leita sér ráðgjafar hjá Kvinnaráðgjöfinni. Þá leita karlar einnig til Kvinnaráðgjafarinnar. Sambærileg ráðgjöf er ekki í boði hjá nýstofnaðri Mannréttindastofnun. Því er þjónusta Kvinnaráðgjafarinnar enn mikilvægari nú en áður.

Áheyrnarfulltrúi Samtaka kvenna af erlendum uppruna leggur fram svohljóðandi bókun:

Samtök kvenna af erlendum uppruna þakkar fyrir kynningu og vilja leggja áherslu á að starf Kvinnaráðgjafar er afar mikilvægt, sérstaklega fyrir konur af erlendum uppruna sem hafa í gegnum tíðina treyst á þjónustuna. Undanfarið hefur þó skapast óvissa, þar sem stundum enginn hefur verið til staðar á auglýstum opnunartímum, sem hefur grafið undan trausti. Mikilvægt er að tryggja að breytingar á opnunartímum t.d. vegna manneklu eða veikinda verða tilkynnt á skýrum hátt. Við viljum styrkja samstarf á ný og finna leiðir til að tengja þjónusturnar betur saman. Jafnframt minnum við á að jafningjaráðgjöf W.O.M.E.N. var upphaflega mótuð í nánu samstarfi við Kvinnaráðgjöf og byggði á gagnkvæmum stuðningi og upplýsingaflæði.

5. Fram fer umræða um stöðu á lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur og hvernig Reykjavíkurborg og mannréttindaráð geti stutt við að endurvekja slíka þjónustu í einhverri mynd, sbr.6. lið fundargerðar mannréttindaráðs frá 26. febrúar 2026 . MSS26010137

Margrét Steinarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Samþykkt að taka á dagskrá til afgreiðslu svohljóðandi ályktunartillögu mannréttindaráðs:

Mannréttindaráð Reykjavíkur fer nú með hlutverk fjölmeningarráðs og eiga þar sæti fulltrúar hagsmunasamtaka innflytjenda. Í samtali við samfélag innflytjenda hefur komið í ljós að mikið skarð varð þegar lögfræðiráðgjöf á vegum Mannréttindaskrifstofu Íslands var lögð af en ljóst er að þörfin er mikil. Þróun síðustu ára hefur leitt til frekari einangrunar innflytjenda frá íslenska samfélaginu og eftir að bæði Fjölmeningarsetrið og Mannréttindaskrifstofa Íslands voru lögð niður hefur þeim möguleikum fækkað gífurlega fyrir innflytjendur að fræðast um réttindi og skyldur sínar á Íslandi og leita sér stuðnings ef á þjatar. Vanþekking um réttindi leiðir oft til þess að einstaklingar eru blekkir og hagnýttir og ýtir jafnvel undir mansal. Að þekkja ekki skyldur getur einnig vandið vandkvæðum sem unnt hefði verið að komast hjá hefði einstaklingurinn geta leitað sér viðeigandi ráðgjafar. Þá má ekki gleyma því að misbrestur er á túlkajónustu hjá ýmsum opinberum aðilum og því mikilvægt að einstaklingar geti leitað lögfræðiráðgjafar með túlki, þeim að kostnaðarlausu. Mannréttindaráðið, ásamt fulltrúum hagsmunasamtaka innflytjenda, skora þess vegna á Félagsmálaráðuneytið að endurvekja sambærilega þjónustu.

Samþykkt. MSS26030133

Áheyrnarfulltrúi Samtaka kvenna af erlendum uppruna leggur fram svohljóðandi bókun:

Samtök kvenna af erlendum uppruna þakkar Sabine Leskopf, formanni, og mannréttindaráði fyrir mikilvæg skilaboð til Félagsmálaráðuneytisins. Við viljum ítreka alvarlega stöðu lögfræðiráðgjafar fyrir innflytjendur. Á undanförunum árum hefur þessi þjónusta smám saman horfið, þar á meðal ókeypis lögfræðiráðgjöf Mannréttindaskrifstofu Íslands, sem hefur leitt til þess að sífellt fleiri leita til grasrótarsamtaka með flókin og viðkvæm mál. Sem sjálfbóðaliðasamtök höfum við hvorki sérfræðiþekkingu né burði til að sinna þessum málum á fullnægjandi hátt, sem bitnar bæði á konum í erfiðum aðstæðum og sjálfbóðaliðum okkar. Við teljum brýnt að Reykjavíkurborg og mannréttindaráð hafi frumkvæði að því að endurvekja aðgengilega og faglega lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur í borginni, og skorum við á Félagsmálaráðuneytið að endurvekja sambærilega þjónustu.

7. Fram fer kynning mannréttindaskrifstofu um kosningaþátttöku innflytjenda og sveitarstjórnarkosninga 2026. MSS26030090

Áheyrnarfulltrúi Samtaka kvenna af erlendum uppruna leggur fram svohljóðandi bókun:

Samtök kvenna af erlendum uppruna þakka fyrir kynningu og vilja ítreka mikilvægi þess að Reykjavíkurborg vinni markvisst að því að auka kosningaþátttöku innflytjenda í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga. Þó Reykjavíkurborg sé byrjuð að miðla upplýsingum um kosningarrétt, trúum við að meira sé hægt að gera. Við skorum á Reykjavíkurborg að vinna náið með grasrótarsamtökum sem rekin eru af innflytjendum í verkefninu. Samtökin okkar hafa unnið að verkefninu „W.O.M.E.N. sem kjósa“ og fengið jákvæð viðbrögð frá borginni um samstarf í lok janúar en engin eftirfylgni hefur átt sér stað. Við viljum endurvekja samtalið við lýðræðisteymið og skoða hugmyndir um t.d. fræðsluheimsókn í Ráðhúsið, sýnikjörseðla og að nýta reynslu okkar til að hvetja til aukinnar þátttöku.

Samþykkt að senda bókun til þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

8. Lagt fram bréf mannréttindaskrifstofu dags. 23. mars 2026, um aðgerðaáætlanir sviða með stefnu um fjölmeningarborgina Reykjavík 2026 - 2030. MSS25110035

Mannréttindaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Stefna um fjölmeningarborgina Reykjavík 2026 -2030 var samþykkt af öllum flokkum í borgarstjórn Reykjavíkur. Stefnan byggir fyrst og fremst á því að tryggja að öll svið borgarinnar skoði málaflökkinn innan síns ábyrgðarsviðs og skilgreina markmið og aðgerðaráætlun. Mannréttindaráðið þakkar menningar- og íþróttasviði, velferðarsviði, skóla- og frístundasviði sem og þjónustu- og nýsköpunarsviði, sem öll hafa skilað inn áætlunum og gögnum á tilsettum tíma. Ráðið skorar á sama tíma á fjármála- og áhættustýringarsvið, mannauðs- og starfsumhverfissvið sem og umhverfis- og skipulagssvið, að klára yfirstandandi vinnu sem skilgreind er í stefnunni.

Áheyrnarfulltrúi Samtaka kvenna af erlendum uppruna leggur fram svohljóðandi bókun:

Samtök kvenna af erlendum uppruna eru ánægð að sjá hvað mismunandi svið Reykjavíkurborgar hafa hingað til gert til að innleiða Stefnu um fjölmeningarborgina Reykjavík 2026–2030. Þó ítrekum við mikilvægi þess að hún verði innleidd af festu, að fullu, og með skýrum aðgerðum. Stefnan kveður á um jafnt aðgengi að þjónustu, aukna þátttöku innflytjenda, menningarnæmi starfsfólks og virkt samstarf við félagasamtök. Til að þessi markmið nái fram að ganga þarf samhæfða framkvæmd milli allra sviða borgarinnar og reglulegt mat á framvindu. Á viðburðinum „Saman gegn ofbeldi í 10 ár“ kom fram að skortur á fræðslu og menningarfærni leiðir til mismunandi svara og skorts á trausti. Borgarþjónustan ætti að vinna náið með grasrótarsamtökum sem hafa beina tengingu við jaðarsetta hópa. Mikilvægt er að borgin stofni fjölmeningarmiðstöð, bjóði reglulega upp á réttindaráðgjöf og hafi formlegt, reglubundið samráð milli starfsfólks og grasrótar til að tryggja upplýsingaflæði og forvarnavinnu. Enn fremur, á tímum þegar víða er sótt að réttindum kvenna og innflytjenda, hvetjum við næstu kjörnu borgarstjórn til að halda áfram innleiðingu stefnunnar af festu og styrkja mikilvægt starf mannréttindaráðs hvað varðar aðgengi, fræðslu og samvinnu, og viðhalda sterkri mannréttindamenningu í Reykjavík.

Samþykkt að senda bókun mannréttindaráðs til fjármála- og áhættustýringarsviðs, mannauðs- og starfsumhverfissviðs og umhverfis- og skipulagssviðs.

Fundi slitið kl.15.50

Sabine Leskopf

Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir
Oktavía Hrund Guðrúnar Jóns
Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir

Ellen J. Calmon
Þorvaldur Daníelsson
Þorkell Sigurlaugsson